

Erindi frá Sirkus Íslands - Sýning í Búðardal.



Við erum hópur listamanna frá Sirkus Íslands að flakka um landsbyggðina með fjöruga fjölskyldusýningu - Farandsirkus. Sýningin er um 65 mínútur og miðaverð er 3.000 kr fyrir börn og 3.500 kr fyrir fullorðna. Við seljum popp og kandífloss fyrir sýninguna. Það tekur okkur um 5,5 klst að meðaltali að setja upp sýninguna, sýna og ganga frá henni. Farandsirkus hefur þegar farið í nokkur bæjarfélög og vakið mikla lukku.

Við erum að skoða 2. eða 9.apríl sem mögulega sýningarhelgi í Búðardal.

Sveitarfélögin hafa gjarnan styrkt við komu okkar með fríu húsnæði. Einstaka hafa valið að kaupa sýninguna af okkur og gefið bæjarbúum. Sýningin í heild sinni kostar 450.000 kr. Með þessu erindi viljum við kanna hvort Dalabyggð hafi áhuga á að styðja við komu okkar t.d með fríu afnoti af íþróttahúsinu á Laugum Sælingsdal.

Bestu kveðjur,

Alda Brynja

s. 6979877